



Stefna í peningamálum

1. Markmið stefnu Seðlabanka Íslands í peningamálum er að stuðla að stöðugu verðlagi sem er framlag stefnunnar til almennrar efnahagslegrar velferðar á Íslandi. Lög nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands kveða á um að verðstöðugleiki sé markmið stjórnar peningamála. Ákvarðanir um beitingu stjórnartækja bankans í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands.
2. Markmið peningastefnunnar um stöðugt verðlag er útfært í *yfirlýsingu um verðbólgu* markmið og *breytta gengisstefnu*, sem forsætisráðherra og bankastjórn Seðlabankans samþykktu hinn 27. mars 2001. Samkvæmt yfirlýsingunni er markmiðið að árleg verðbólga verði að jafnaði sem næst 2½%. Verðbólgu markmið Seðlabankans miðast við breiðasta mælikvarða á neyslukörfu heimilanna en það er tólf mánaða breyting vísitölu neysluverðs eins og hún er reiknuð af Hagstofu Íslands.
3. Verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands er samhverft og telur peningastefnunefnd frávík frá verðbólgu markmiðinu jafn óæskilegt í hvora átt sem það er. Víki verðbólga meira en 1½ prósentu frá markmiðinu ber Seðlabankanum að gera ríkisstjórninni opinberlega grein fyrir ástæðum þess og hvernig bankinn hyggst bregðast við og hve langan tíma hann telur það taka að ná verðbólgu markmiðinu að nýju.
4. Við ákvarðanir um beitingu stjórnartækja sem peningastefnunefnd tekur leitast nefndin við að tryggja að verðbólga verði sem næst 2½% markinu til meðallangs tíma lítið. Nefndin horfir einnig til fleiri verðvísa og mælikvarða á undirliggjandi verðbólgu við móttun peningastefnunnar þar sem þeir gefa oft vísbendingar um líklega verðbólguþróun til meðallangs tíma.
5. Verðbólga getur vikið frá markmiðinu til skamms tíma. Við mat á viðeigandi viðbrögðum við þær aðstæður horfir peningastefnunefnd til aðstæðna í þjóðarbúskapnum og mats á því hversu viðvarandi frávikið er talið geta orðið. Hversu langan tíma peningastefnunefnd gefur sér til að koma verðbólgu í markmið á ný ræðst m.a. af stærð frávíksins, mati nefndarinnar á því hversu kostnaðarsamt það getur orðið í formi tapaðra efnahagssumsvifa og hvort aðlögun geti grafið undan fjármálastöðugleika. Þá horfir nefndin til þess að viðvarandi frávík frá markmiði getur grafið undan trúverðugleika verðbólgu markmiðsins og því er einungis hægt að horfa til annarra þátta við móttun peningastefnunnar svo lengi sem þeir grafa ekki undan markmiðinu um verðstöðugleika og kjölfestu verðbólguvæntinga.
6. Peningastefnunefnd leggur sjálfstætt mat á ástand og horfur í efnahagsmálum og framvindu allra þátta sem haft geta áhrif á verðbólguhorfur. Nefndin tekur tillit til þess að áhrif vaxtaákvarðana og markaðsaðgerða Seðlabankans á verðbólgu og þjóðarbúskapinn koma fram með töf. Þess vegna eru ákvarðanir í peningamálum


teknar með hliðsjón af spá bankans um framvindu efnahagsmála og verðbólgu. Fagleg og vönduð greining er forsenda viðeigandi ákvarðana og trúverðugar peningastefnu.

7. Helsta tæki peningastefnunefndar til að ná verðbólguþröngun er *meginvextir* Seðlabankans, þ.e. vextir bankans í viðskiptum við önnur fjármálafyrirtæki. Til að ná verðbólguþröngun og tryggja skilvirka miðlun peningastefnunnar getur nefndin einnig beitt öðrum tækjum sem hún hefur yfir að ráða eða lagt til við Seðlabankann að beita tilteknum tækjum.
8. Inngrip á millibankamarkaði fyrir gjaldeyri geta bætt skilvirkni peningastefnunnar í litlum opnum hagkerfum með það að markmiði að draga úr skammtímasveiflum í gengi krónunnar sökum grunns markaðar. Telji nefndin að gengi krónunnar hafi vikið of langt frá undirliggjandi hagþróun getur hún jafnframt ákveðið að Seðlabankinn beiti inngripum til að reyna að hafa áhrif á gengið.
9. Forsenda árangursríkrar peningastefnu er að tryggja verðbólguvæntingum trausta kjölfestu í verðbólguþröngun. Traust kjölfesta verðbólguvæntinga eykur svigrúm peningastefnunnar til þess að jafna hagsveiflur. Miðlun peningastefnunnar um farveg væntinga er því mikilvægur þáttur hennar.
10. Gagnsæi um ákvarðanir í peningamálum og forsendur þeirra eru mikilvæg skilyrði trúverðugar peningastefnu. Peningastefnunefnd leggur áherslu á að skilaboð hennar séu skýr og auðskilin. Þetta á allt í senn við um birtingu yfirlýsinga og fundargerða nefndarinnar sem og aðrar upplýsingar um stefnuna í peningamálum og framkvæmd hennar. Birting Seðlabankans á greiningu á stöðu og horfum í efnahagsmálum í ritinu *Peningamál* fjórum sinnum á ári er jafnframt mikilvægur liður í að tryggja gagnsæi um forsendur ákvarðana peningastefnunefndar.
11. Stefna þessi verður tekin til endurskoðunar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti eða þegar peningastefnunefnd telur tilefni til.

Samþykkt í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands, 22. nóvember 2022.



Ásgéir Jónsson,
seðlabankastjóri



Rannveig Sigurðardóttir,
varaseðlabankastjóri peningastefnu